

Sigurjón Vídalín Guðmundsson

Sigurjón Vídalín Guðmundsson er 1. maður á lista Áfram Árborg í bæjarstjórn Árborgar.



Sigurjón er fæddur 22. september 1974 á Eyrarbakka .

Sigurjón er í sambúð með Helenu Sif Zóphoníasdóttir og eiga þau saman tvær dætur. Sigurjón á dóttir úr fyrra sambandi sem einnig býr hjá þeim.

Sigurjón tók stúdentspróf frá Fjölbrautaskóla Suðurlands 1994, lauk fangavarðarskólanum 2001 og B.Sc í jarðfræði frá Háskóla Íslands 2005.

Sigurjón leggur stund á MBA nám við Háskóla Íslands og er áætlað að því ljúki með útskrift vorið 2019.

Hann hefur starfað hjá eigin fyrirtæki síðan 2007 og undanfarin 5 ár hefur hann unnið við gerð Vaðlaheiðarganga.

Sigurjón Vídalín er aðalmaður í bæjarráði, formaður í skipulags- og byggingardeild, aðalmaður í kjaranefnd.

Sigurjón Vídalín er varamaður í framkvæmda- og veitustjórn.

Aðalmaður í (á) ; aðalfundi SASS, aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, fulltrúaráði Héraðsnefndar Árnesinga, aðalfundi Bergrisans bs., aðalfundi Verktækni ehf.

Varamaður í (á) ; Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands, Landsþingi Sambands ísl. sveitarfélaga, aðalfundi Borgarþróunar, aðalfundi Fasteignafélags Árborgar ehf.

Netfang: sigurjon@geotaekni.is